



# **Friðlýsingar og stjórnunar- og verndaráætlanir 2016**

**Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis- og  
auðlindaráðherra um vinnu við friðlýsingar og  
stjórnunar- og verndaráætlanir á árinu 2016**

Janúar 2017



UMHVERFISSTOFNUN

# Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1–3</b>
<b>2.</b>	<b>FRIDLÝSINGAR SEM ER LOKIÐ</b> .....	<b>2–4</b>
2.1.	Glerárdalur .....	2–4
<b>3.</b>	<b>FRIDLÝSINGAR Á GRUNDELLI RAMMAÁÆTLUNAR</b> .....	<b>3–5</b>
3.1.	Kerlingarfjöll .....	3–5
3.2.	Friðland að Fjallabaki .....	3–6
3.3.	Geysir .....	3–7
<b>4.</b>	<b>FRIDLÝSINGAR Á GRUNDELLI NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUNAR</b> .....	<b>4–8</b>
4.1.	Látrabjarg.....	4–8
4.2.	Geysir .....	4–9
<b>5.</b>	<b>AÐRAR FRIDLÝSINGAR Í VINNSLU</b> .....	<b>5–10</b>
5.1.	Hólar í Öxnadal .....	5–10
<b>6.</b>	<b>ENDURSKOÐUN ELDRI FRIDLÝSINGA</b> .....	<b>6–11</b>
6.1.	Flatey .....	6–11
6.2.	Dynjandi.....	6–11
<b>7.</b>	<b>STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLANIR</b> .....	<b>7–13</b>
7.1.	Stjórnunar- og verndaráætlanir sem er lokið.....	7–13
7.1.1.	Gullfoss.....	7–13
7.1.2.	Steðji .....	7–14
7.2.	Verndar- og stjórnunaráætlanir í vinnslu .....	7–14
7.2.1.	Andakill.....	7–14
7.2.2.	Búðahraun.....	7–14
7.2.3.	Flatey.....	7–15
7.2.4.	Friðland Svarfdæla .....	7–15
7.2.5.	Glerárdalur .....	7–16
7.2.6.	Helgustaðanáma .....	7–16
7.2.7.	Hornstrandir.....	7–16
7.2.8.	Hólmanes .....	7–17
7.2.9.	Kringilsárrani .....	7–17
7.2.10.	Surtarbrandsgil.....	7–17
7.2.11.	Teigarhorn.....	7–18
7.3.	Endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlana .....	7–18
7.3.1.	Mývatn og Laxá .....	7–19
<b>8.</b>	<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>8–20</b>

# 1. Inngangur

Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsinga í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd sem gengu í gildi þann 15. nóvember 2015. Fyrir gildistöku laga nr. 60/2013 sinnti stofnunin sama hlutverki í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999. Umhverfisstofnun gefur umhverfis- og auðlindaráðherra árlega yfirlit yfir vinnu við friðlýsingar og er hér yfirlit yfir þá vinnu á árinu 2016. Auk þess er yfirlit yfir vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði sem Umhverfisstofnun ber jafnframt ábyrgð á að gera samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013.

Skýrslan skiptist í sex kafla; friðlýsingar sem er lokið, friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar, friðlýsingar á grundvelli náttúruverndaráætlunar, aðrar friðlýsingar í vinnslu, endurskoðun eldri friðlýsinga og loks kafla um stjórnunar- og verndaráætlanir þar sem fjallað er um þær áætlanir sem er lokið, þær sem eru í vinnslu og þær sem eru í endurskoðun.

Ein ný friðlýsing var staðfest af umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2016, friðlýsing hluta Glerárdals sem fólkvangs, en undirbúningur að friðlýsingu svæðis í Kerlingarfjöllum og Hólahóla og Hóladals í Öxnadal er langt kominn. Árið 2016 var jafnframt lokið við gerð tveggja stjórnunar- og verndaráætlana, en margar áætlanir eru mjög langt komnar og verða gefnar út á fyrri hluta ársins 2017.

Á fyrri hluta ársins 2016 hófu tveir nýir starfsmenn störf í friðlýsingateymi Umhverfisstofnunar. Helstu verkefni þeirra starfsmanna er gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Ferlið við undirbúning og gerð stjórnunar- og verndaráætlana er margslungið og margir þættir geta haft og hafa áhrif á framgang vinnunnar. Mikil vinna hefur verið lögð í að útfæra mikilvæga þætti í tengslum við gerð áætlana, s.s. útfærslu á samráði, þróun á samstarfi við aðrar stofnanir og framsetningu á áætlunum sjálfum. Í því skyni að tryggja vönduð og samræmd vinnubrögð hefur verið gefin út vinnulýsing sem lýsir gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Jafnframt er í endurgerð hjá friðlýsingateymi *Handbók um stjórnun friðlýstra svæða hjá Umhverfisstofnun* sem meðal annars fjallar um það verklag sem er viðhaft hjá stofnuninni. Í upphafi ársins var gert ráð fyrir að lokið yrði við 10 stjórnunar- og verndaráætlanir. Í lok ársins hafði verið lokið við gerð tveggja stjórnunar- og verndaráætlana en alls var unnið að 14 stjórnunar- og verndaráætlunum á árinu. Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir að fjöldi þeirra áætlana verði gefinn út á fyrri hluta ársins 2017.

Friðlýsingaverkefni voru að mestu í bið á árinu 2016. Með tilkomu nýrra laga um náttúruvernd nr. 60/2013 breyttist fyrirkomulag náttúruverndaráætlunar og er nú gert ráð fyrir að gefin verði út náttúruminjaskrá í þremur hlutum. Ekki liggur fyrir skráning svæða á B-hluta náttúruminjaskrár, sem gegnir sambærilegu hlutverki og náttúruverndaráætlun. Af þessum sökum, auk þess sem fjárveitingar til friðlýsinga á grundvelli náttúruminja-skrár/náttúruverndaráætlunar og rammaáætlunar hafa verið felldar niður undanfarin ár, hafa friðlýsingaverkefni að mestu leyti verið í bið.

## 2. Friðlýsingar sem er lokið

Ein friðlýsing var undirrituð á árinu 2016, en þann 6. júní 2016 var Glerárdalur, Akureyrarkaupstað, friðlýstur sem fólkvangur.

### 2.1. Glerárdalur

<i>Fólkvangur í Glerárdal: Friðlýsingin í hnotskurn</i>	
Dagsetning friðlýsingar	6. júní 2016
Tegund friðlýsingar	Fólkvangur
Verndargildi	Vernda dalinn og aðliggjandi fjalllendi til útvistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Einnig varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana.
Beiðni um friðlýsingu	Akureyrarkaupstaður
Stærð svæðis	7.440 hektarar.
Sveitarfélag	Akureyrarkaupstaður

Glerárdalur ofan Akureyrar er um 16 km langur dalur sem liggur suðvestur frá Akureyri. Dalurinn er mótaður af jöklum og veldur nálægð dalsins við forna megineldstöð því að berggerðir eru fjölbreyttar. Þá finnast surtarbrandur og kísilrunninn trjáviður í dalnum. Gróðurfur í Glerárdal er nokkuð fjölbreytt, bæði hvað varðar tegundir og gróðurlendi, en mólendi og votlendi setja svip sinn á dalinn.

Þann 15. janúar 2013 barst Umhverfisstofnun tillaga frá Akureyrarkaupstað um að hluti Glerárdals yrði friðlýstur sem fólkvangur. Tillagan var lögð fram í kjölfar samþykktar opins hátíðarfundar bæjarstjórnar Akureyrar þann 29. ágúst 2012 í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrar. Á þeim fundi var samþykkt að stefnt skuli að því að hluti Glerárdals verði skilgreindur sem fólkvangur. Viðræður við sveitarfélagið um friðlýsingu Glerárdals hófust í maí árið 2013.

Mörkum fólkvangsins var breytt nokkuð í undirbúningi friðlýsingarinnar en í upphafi var gert ráð fyrir að fyrirhuguð þriggja megawatta Glerárdalsvirkjun yrði innan marka fólkvangsins. Niðurstaðan varð sú að mörk fólkvangsins voru færð þannig að öll mannvirki sem mögulega verða reist í tengslum við umrædda virkjun verða utan hins friðlýsta svæðis.

Þegar tillaga að friðlýsingu var auglýst til kynningar árið 2014 bárust 10 athugasemdir sem Umhverfisstofnun vann úr í samvinnu við Akureyrarbæ og að höfðu samráði við þá sem gerðu athugasemdir eftir því sem þörf var á. Tillaga að friðlýsingu hluta Glerárdals sem fólkvangs var tekin fyrir í bæjarstjórn Akureyrarbæjar og samþykkt þann 1. desember 2015. Friðlýsingin var undirrituð og staðfest af Sigrúnu Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, þann 6. júní 2016.

Markmiðið með friðlýsingu er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útvistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana. Fólkvangurinn er 7.440 hektarar að stærð.

## 3. Friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar

Þann 14. janúar 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða þar sem virkjunarkostir eru flokkaðir í þrjú flokka, orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Umhverfisstofnun er falið það hlutverk skv. lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, að undirbúa friðlýsingu þeirra tuttugu svæða sem flokkuð voru í verndarflokk í þingsályktuninni. Árið 2013 var lagður grunnur að undirbúningi friðlýsinga svæða í verndarflokki í kjölfar samþykktar þingsályktunartillögunnar. Þeim undirbúningi er lýst í skýrslunni *Friðlýsingar 2013. Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra um vinnu við friðlýsingar á árinu 2013*. Í lok ársins 2013 var vinna við undirbúning friðlýsinga á grundvelli rammaáætlunar sett í bið. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að fjárveiting til friðlýsinga landsvæða sem flokkuð voru í verndarflokk rammaáætlunar var felld niður í fjárlögum ársins 2014. Árið 2014 fór fram lítils háttar vinna í tengslum við Norðlingaölduveitu. Árið 2015 var vinna við undirbúning að friðlýsingu svæða á grundvelli rammaáætlunar einnig að mestu í bið, en þó var hafin undirbúningsvinna í tengslum við virkjunarkosti á Kerlingarfjallasvæðinu og unnin skýrsla um friðland að Fjallabaki. Árið 2016 var vinna í tengslum við þessa tvo virkjunarkosti fram haldið og er undirbúningur að friðlýsingu svæðis í Kerlingarfjöllum langt kominn eins og lýst er hér á eftir. Auk þess hófust viðræður vegna undirbúnings að friðlýsingu Geysissvæðisins.

### 3.1. Kerlingarfjöll

Kerlingarfjöll eru fjallabálgur skammt suðvestur af Hofsjökli. Svæðið einkennist af stórbrotnu og litríku landslagi þar sem líparít- og móbergsfjöll eru einkennandi fyrir landslagið. Nokkur líparítfjallanna eru líparítstapar sem eru fágætir á heimsvísu. Kerlingarfjöll eru megineldstöð með tveimur öskjum og allmiklu háhitasvæði. Háhitasvæðið skiptist í þrjú megin svæði; Hverabotn, Hveradali og Efri-Hveradali. Í einum hveranna í Hverabotni hefur hiti mælst 145-150°C og er það hæsta skráða hitamæling í hver á Íslandi. Algengustu hverirnir eru gufuaugu, gufuhverir, soðpönnur og leirhverir. Í hverunum þrífst sérstætt lífríki hveraörvera.

Seinni hluta árs 2015 barst Umhverfisstofnun beiðni frá sveitarfélaginu Hrunamannahreppi um samstarf við undirbúning að friðlýsingu Kerlingarfjalla. Á Kerlingarfjallasvæðinu eru fjórir virkjunarkostir sem fjallað var um í 2. áfanga rammaáætlunar sem allir voru flokkaðir í verndarflokk. Í lok árs 2015 var tekin ákvörðun í samráði við umhverfis- og auðlindaráðherra um að halda áfram vinnu við undirbúning friðlýsingarinnar en árið 2013 hafði farið fram nokkur undirbúningsvinna sem lýst er í skýrslu um friðlýsingar árið 2013. Undirbúningur friðlýsingarinnar hófst formlega með fundi ráðherra, fulltrúa umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Hrunamannahrepps og Umhverfisstofnunar á Flúðum þann 2. febrúar 2016. Á þeim fundi var ákveðið að óska eftir að Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Kerlingarfjallavinir tilnefndu fulltrúa í samstarfshóp sem hefði það hlutverk að undirbúa friðlýsingu svæðisins. Auk þess var haft samráð við forsætisráðuneyti sem fer með málefni þjóðlendna.

Fyrsti fundur samstarfshópsins var haldinn þann 25. febrúar 2016, en alls voru haldnir 7 formlegir fundir auk samskipta með tölvupósti og í síma. Síðasti fundur hópsins var haldinn þann 15. júní 2016 þar sem farið var yfir athugasemdir sem bárust á kynningartíma, en á



undirbúningstíma vann samstarfshópurinn tillögu sem lögð var fram til kynningar þann 26. maí 2016. Frestur til að senda inn ábendingar og athugasemdir var til 9. júní 2016. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá 23 aðilum. Samstarfshópurinn tók allar athugasemdir og ábendingar til umfjöllunar og gerði breytingar á tillögu að friðlýsingu Kerlingarfjalla til samræmis við þær, þar sem við átti. Greinargerð þar sem athugasemdum er svarað verður birt samhliða samþykkt friðlýsingarinnar.

Að kynningarferli loknu var tillaga að friðlýsingu svæðisins send sveitarfélögunum tveimur sem skipulagsvald hafa á svæðinu, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp, til umfjöllunar. Í kjölfar þess óskuðu sveitarfélögin tvö eftir fundi með fulltrúum Umhverfisstofnunar þar sem farið var yfir atriði sem sveitarfélögin óskuðu eftir umræðu um og gerðar breytingar á tillögu að friðlýsingu svæðisins til samræmis. Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 7. september 2016 bókaði sveitarstjórn að drög að auglýsingu um friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins væru samþykkt samhliða. Sveitarfélagið Hrunamannahreppur hefur frestað afgreiðslu málsins þar sem endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins hefur dregist, en í því koma fram ákveðin markmið og stefnumótun hvað varðar svæðið sem fyrirhugað er að friðlýsa. Í bókunum sveitarstjórnar hefur þó komið fram að sveitarfélagið sé sátt við friðlýsingarskilmálana eins og þeir liggja fyrir og á fundi sveitarstjórnar þann 3. nóvember 2016 var eftirfarandi bókað: „*Friðlýsing Kerlingarfjalla. Oddviti fór yfir stöðu málsins. Sveitarstjórn samþykkir að samhliða því að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032 taki gildi muni sveitarstjórn samþykkja fyrirbyggjandi skilmála friðlýsingar í Kerlingarfjöllum.*“

Markmið fyrirhugaðrar friðlýsingar er að vernda jarðminjar, landslag, óbyggðir og ásýnd svæðisins. Gert er ráð fyrir að verndunin muni ná til fágætra jarðmyndana, megineldstöðvar, landslagsheilda, lífríkis og menningarminja. Með friðlýsingunni verður stuðlað að því að sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi í allri nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan svæðisins. Þá er friðlýsingunni ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði og stuðla að góðri umgengni og bættu aðgengi að svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að friðlýsing landslagsverndarsvæðis í Kerlingarfjöllum verði staðfest á fyrri hluta ársins 2017 að því gefnu að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032 taki gildi.

## 3.2. Friðland að Fjallabaki

Þann 29. júlí 2015 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra starfshóp um friðland að Fjallabaki. Fulltrúi Umhverfisstofnunar var formaður hópsins auk þess sem með honum starfaði sérfræðingur stofnunarinnar á Suðurlandi. Starfshópnum var falið að fjalla um og gera tillögur til ráðherra um málefni friðlands að Fjallabaki. Í skipunarbréfi ráðherra var bent á að ráðuneytið telji rétt að endurskoða mörk svæðisins og friðlýsingarskilmála m.a. með tilliti til verndarflokks rammaáætlunar. Á svæðinu sem starfshópurinn skoðaði með tilliti til stækkunar verndarsvæðis eru virkjanakostir sem fjallað var um í 2. áfanga rammaáætlunar. Þetta eru Hólmsárvirkjun við Einhyrning með miðlun, Markarfljótsvirkjun A, Markarfljótsvirkjun B, Tungnaárlón og Bjallavirkjun.

Í niðurstöðum starfshópsins, sem lauk störfum um mitt ár 2016, kemur fram að hann telji brýnt að gerðar verði ráðstafanir til að styrkja verulega innviði friðlandsins en slíkt sé nauðsynlegt svo skapa megi skilyrði til stækkunar svæðisins. Hópurinn leggur til að skipaður verði starfshópur til að vinna áfram með verkefnið. Auk skipunar nýs starfshóps telur



starfshópurinn brýnt að stjórnun og starfsemi verði eft og innviðir bættir. Nánari umfjöllun um niðurstöður starfshópsins má lesa í skýrslunni *Friðland að Fjallabaki Skýrsla starfshóps, maí 2016*<sup>1</sup>.

### 3.3. Geysir

Í þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða er Geysissvæðið flokkað í verndarflokk. Geysir var jafnframt skráður á náttúruverndaráætlun 2004-2008. Í lok árs 2016 átti Umhverfisstofnun í viðræðum við fulltrúa Bláskógabyggðar um undirbúning að friðlýsingu svæðisins. Þar sem svæðið er einnig skráð á náttúruverndaráætlun er nánari umfjöllun um svæðið í kafla 4.2.

---

<sup>1</sup> [https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/Fridland-ad-fjallabaki-starfshopur-lokaskyrsla-juni-2016.pdf](https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Fridland-ad-fjallabaki-starfshopur-lokaskyrsla-juni-2016.pdf)

## 4. Friðlýsingar á grundvelli náttúruverndaráætlunar

Umhverfisstofnun hefur það hlutverk að vinna að friðlýsingu svæða á grundvelli framkvæmdaáætlunar um friðlýsingar og friðun, B-hluta náttúruminjaskrár áður náttúruverndaráætlunar. Af þeim 26 svæðum sem skráð voru á náttúruverndaráætlanir 2004-2008 og 2009-2013 hafa 6 svæði verið friðlýst, auk þess sem Skerjafjarðarsvæðið hefur verið friðlýst að hluta.

Flest friðlýsingarverkefni voru sett í bið árið 2014 og er staða þeirra flestra óbreytt í árslok 2016. Árið 2016 var þó áfram unnið að undirbúningi friðlýsingar Látrabjargs og viðræður um undirbúning að friðlýsingu Geysis hófust. Hvað varðar stöðu á undirbúningi friðlýsinga annarra svæða á náttúruverndaráætlun vísast til skýrslunnar *Staða friðlýsinga 2013. Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra um vinnu við friðlýsingar á árinu 2013.*

Í nóvember árið 2015 urðu nokkrar breytingar á fyrirkomulagi stefnumótunar varðandi friðlýsingu svæða þegar ný náttúruverndarlög tóku gildi. Í þeim er gert ráð fyrir öðru fyrirkomulagi heldur en áður, en samkvæmt nýju náttúruverndarlögunum gefur ráðherra út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti sem skiptist í A-, B- og C- hluta. Í A-hluta er listi yfir þau svæði sem þegar hafa verið friðlýst, B-hluti er framkvæmdaáætlun um friðlýsingu eða friðun og í C-hluta er listi yfir aðrar mikilvægar náttúruminjar. B-hluti náttúruminjaskrár gegnir því sama hlutverki og náttúruverndaráætlun gerði áður. Ráðherra hefur ekki gefið út náttúruminjaskrá og því er í raun engin framkvæmdaáætlun í gildi fyrir friðlýsingar nýrra svæða. Hins vegar segir í ákvæði til bráðabirgða með lögunum að ráðherra sé heimilt að friðlýsa og friða náttúruminjar sem hafa verið á náttúruverndaráætlun.

Árið 2016 vann Umhverfisstofnun að undirbúningi að friðlýsingu tveggja svæða sem skráð voru á náttúruverndaráætlun, Látrabjargs og Geysis.

### 4.1. Látrabjarg

Samstarfsnefnd um undirbúning friðlýsingar Látrabjargssvæðisins hefur nú starfað í 6 ár, eða frá því í janúar 2011 þegar bæjarstjóri Vesturbyggðar skipaði nefnd um framtíðarskipulag Látrabjargs. Í apríl 2016 var haldinn fundur í samstarfsnefnd um friðlýsingu svæðisins þar sem farið var yfir stöðu málsins. Þar var einnig farið yfir hvaða landeigendur höfðu skrifað undir viljayfirlýsingu um áframhaldandi samstarf við Umhverfisstofnun um friðlýsingu Látrabjargssvæðisins sem stofnunin óskaði eftir að allir landeigendur skrifuðu undir áður en vinnunni við undirbúning að friðlýsingu svæðisins yrði fram haldið. Niðurstaðan var sú að ekki hefur náðst samstaða á meðal allra landeigenda um áframhaldandi samstarf.

Allir fulltrúar í samstarfsnefnd eru sammála um að mikilvægt sé að ná samstöðu um friðlýsingu svæðisins og í kjölfar fundarins höfðu fulltrúar landeigenda í samstarfsnefnd samband við alla landeigendur sem ekki hafa staðfest viljayfirlýsingu um áframhaldandi samstarf um friðlýsingu. Í lok árs 2016 hafði Umhverfisstofnun fengið staðfestingu frá 97 af 104 landeigendum um vilja til að halda áfram vinnu við friðlýsingu Látrabjargssvæðisins. Í desember árið 2016 lagði stjórn landeigendafélagsins Bjargtanga til að svæðið sem áætlað



er að friðlýsa verði minnkað þannig að einungis Látrabjargið og næsta nágrenni þess verði friðlýst sem friðland. Með þessari tillögu er fallið frá þeim áformum að stofna þjóðgarð á svæðinu. Þá óskaði stjórn landeigendafélagsins Bjargtanga eftir því við Umhverfisstofnun að gerð yrðu drög að friðlýsingarskilmálum fyrir væntanlegt friðland sem kynnt yrðu á landeigendafundi í byrjun árs 2017.

Ekki hefur enn náðst samstaða á meðal allra landeigenda um að halda áfram vinnu við friðlýsingu Látrabjargssvæðisins. Þeir landeigendur sem hafa lýst yfir vilja til að halda áfram, hafa miklar áhyggjur af ágangi ferðamanna á svæðinu. Þeir telja mjög mikilvægt að stýra umferð um svæðið, byggja upp nauðsynlega innviði og auka landvörslu til að vernda svæðið og taka á móti ferðamönnum sem vilja skoða Látrabjarg.

Starfsmaður Umhverfisstofnunar á Patreksfirði hefur eftirlit með svæðinu og fór að meðaltali einu sinni í viku á Látrabjarg sumarið 2016. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að samstaða náist á meðal landeigenda um friðlýsingu svo að stofnunin geti farið í skilvirkar verndaraðgerðir á svæðinu með stýringu, uppbyggingu innviða og landvörslu á svæðinu í samvinnu við landeigendur.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að afstaða landeigenda til áframhaldandi vinnu við undirbúning friðlýsingarinnar sé skýr áður en næstu skref verða tekin í málinu.

## 4.2. Geysir

Geysissvæðið í Haukadal er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar. Svæðið var skráð á náttúruverndaráætlun 2004-2008 og þar með mörkuð stefna um friðlýsingu svæðisins. Á undanförunum árum hafa verið viðræður um undirbúning að friðlýsingu svæðisins án árangurs. Árið 2016 breyttust forsendur talsvert og í kjölfar undirritunar kaupsamnings um kaup ríkisins á Geysissvæðinu hófst formlega undirbúningur að friðlýsingu svæðisins.

Í nóvember 2016 óskaði Umhverfisstofnun eftir afstöðu sveitarfélagsins til málsins og var erindi stofnunarinnar tekið fyrir á fundi í byrjun desember sama ár. Í bókun sveitarstjórnar kemur fram að sveitarstjórn Bláskógabyggðar líst vel á verkefnið og hvernig það er lagt upp og kveðst reiðubúin til að tilnefna fulltrúa í samstarfshóp þegar eftir því verður leitað.

Í lok desember var sveitarstjórn Bláskógabyggðar sent erindi þar sem óskað var eftir tilnefningu í samstarfshóp um undirbúning friðlýsingarinnar. Gert er ráð fyrir að fyrsti fundur samstarfshópsins verði haldinn á fyrstu vikum ársins 2017 og stefnt er að því að tillaga að friðlýsingu gæti verið tilbúin þegar eða fljótlega eftir að afsal liggur fyrir.

# 5. Aðrar friðlýsingar í vinnslu

Á árinu 2016 var unnið að undirbúningi að friðlýsingu hluta jarðarinnar Hóla í Öxnadal. Beiðni um þá friðlýsingu kom frá landeigendum.

## 5.1. Hólar í Öxnadal

Undirbúningur að friðlýsingu hluta jarðarinnar Hóla í Öxnadal hófst árið 2013. Um er að ræða Hólahóla og Hóladal í Öxnadal. Hólahólar eru austan Öxnadalsár fyrir miðjum Öxnadal og eru hluti mikils berghlaups. Vestan Öxnadalsár nefnast hólarnir Hraunstapar eða Hraunshraun, og var sá hluti þeirra friðlýstur sem fólkvangur árið 2007. Hóladalur er langur og grösugur dalur sem gengur suður á móts við Skjöldal í Eyjafirði. Á dalnum eru nokkur berghlaup auk þess sem votlendi er nokkurt í dalnum og við mynni hans. Í utanverðum Hóladal er miðja fornrar megineldstöðvar með öskju.

Fyrsta undirbúningsvinna að friðlýsingu svæðisins var unnin af umhverfis- og auðlindaráðuneyti, en eftir að málið barst Umhverfisstofnun í ágúst 2013 vann stofnunin að undirbúningi að friðlýsingu í samstarfi við landeigendur og sveitarfélag. Á undirbúningstíma kom fram að Hörgársveit hafði áform um að breyta aðalskipulagi sveitarfélagsins. Ekki var unnt að ljúka við gerð friðlýsingarskilmála fyrr en breytt aðalskipulag var samþykkt þar sem nauðsynlegt er að samhljómur sé með gildandi aðalskipulagi og ákvæðum friðlýsingarskilmála. Breytt aðalskipulag Hörgársveitar var samþykkt í desember 2015 og í upphafi árs 2016 hófst vinna við undirbúning friðlýsingarinnar að nýju. Auglýsing um friðlýsingu svæðisins var uppfærð til samræmis við ný lög um náttúruvernd auk þess sem samstaða náðist um öll ákvæði auglýsingar. Með bréfi þann 9. september lagði Umhverfisstofnun til við umhverfis- og auðlindaráðuneyti að Hólahólar og Hóladalur í Öxnadal verði friðlýst sem landslagsverndarsvæði og að um svæðið gildi þær reglur sem samstarfshópur sem í áttu sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Hörgársveitar og landeiganda lögðu til. Með bréfinu fylgdi jafnframt tillaga að mörkum svæðisins. Umhverfis- og auðlindaráðherra hafði ekki staðfest friðlýsingu svæðisins í lok árs 2016.

## 6. Endurskoðun eldri friðlýsinga

Auglýsingar margra friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar eru komnar til ára sinna. Með breyttum áherslum og þá sérstaklega aukinni áherslu á skýrleika friðlýsingarskilmála, er orðin þörf á endurskoðun eldri friðlýsingarskilmála. Á árinu 2016 vann Umhverfisstofnun að endurskoðun tveggja eldri friðlýsingaskilmála, annars vegar fyrir friðlandið í Flatey á Breiðafirði og hins vegar Dynjanda.

### 6.1. Flatey

Hluti Flateyjar á Breiðafirði ásamt nálægum eyjum var friðlýstur sem friðland árið 1975. Með friðlýsingunni er gróður og dýralíf svæðisins verndað. Friðlandið er mikilvægt varpsvæði sjaldgæfra fuglategunda, t.d. þórshana.

Þegar vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar hófst í ágúst 2015 var ákveðið að endurskoða auglýsingu um friðlýsingu svæðisins samhliða þar sem ástæða þótti til að breyta lokunartíma og mörkum svæðisins að mati samstarfshóps og sérfræðinga.

Í samstarfshópnum eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Reykhólahrepps, Framfarafélags Flateyjar og ábúendur í Flatey. Auk þess voru Ríkiseignir, sem réttthafi lands, upplýstar um þá vinnu sem fram hefur farið. Samstarfshópurinn sem hefur unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar og endurskoðun auglýsingar fyrir svæðið hefur lokið við gerð tillögu að endurnýjaðri auglýsingu að friðlýsingu Flateyjar á Breiðafirði.

Áætlað er að auglýsa endurnýjaða tillögu að friðlýsingu fyrir friðlandið í Flatey samhliða auglýsingu um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir sama svæði í byrjun árs 2017.

### 6.2. Dynjandi

Umhverfisstofnun undirbýr nú endurskoðun auglýsingar um náttúruvættið Dynjanda sem undirrituð var árið 1986. Í verndar- og stjórnunaráætlun náttúruvættisins, sem unnin var í samstarfi við landeigendur og sveitarfélag og kom út árið 2015, segir að stefnt sé að endurskoðun auglýsingarinnar með það að markmiði að skerpa á reglum sem gilda um svæðið. Umhverfisstofnun telur að núverandi friðlýsingarskilmálar séu óskýrir og ekki að fullu í samræmi við verndarmarkmið náttúruvættisins Dynjanda. Einnig telur stofnunin að mikilvægt sé að skerpa á reglum sem gilda um náttúruvættið, en ferðamönnum sem heimsækja svæðið hefur fjölgað gríðarlega á undanförunum árum og mikilvægt er að draga úr álagi á náttúru- og lífríki svæðisins. Samhliða því að endurskoða auglýsingu um náttúruvættið Dynjanda leggur Umhverfisstofnun til að hið friðlýsta svæði verði stækkað til að tryggja verndun alls vatnasviðs fossins Dynjanda og umhverfi þess. Svæðið sem um ræðir er að mestu ósnortið og einkennist af áhrifum jökla sem hafa sorfið landið og skilið eftir sig mikinn fjölda vatna og tjarna á Dynjandisheiði. Umhverfisstofnun leggur til að stækkunin nái til allrar jarðarinnar Dynjanda. Umhverfisstofnun óskaði eftir afstöðu Ísafjarðarbæjar um tillögu stofnunarinnar um stækkun náttúruvættisins og fékk þau svör að: „Umhverfis- og framkvæmdanefnd tekur jákvætt í stækkun náttúruvættisins Dynjanda í samráði við sveitarfélagið“. Einnig var óskað eftir afstöðu landeigenda RARIK sem svaraði að: „Ekki er ljóst hvaða áhrif stækkun náttúruvættisins Dynjanda hefur á verðmæti eignarinnar fyrir



*RARIK sem eiganda þess. RARIK er heldur ekki fyllilega ljóst hver þörfin er á stækkun náttúruvættisins. Hins vegar hefur RARIK ekkert á móti því að undirbúin sé endurskoðun á auglýsingu um mörk náttúruvættisins og er tilbúið til að taka þátt í því“.*

Á vormánuðum 2016 var skipaður samstarfshópur um endurskoðun á auglýsingu og mörkum náttúruvættisins Dynjanda. Í samstarfshóp eiga sæti fulltrúar frá RARIK, Ísafjarðarbæ og Umhverfisstofnun. Á fundi samstarfshóps sem haldinn var í júní sl. var farið yfir drög að endurskoðaðri auglýsingu fyrir náttúruvættið. Einnig var rætt um stækkun hins friðlýsta svæðis og ákveðið að kanna hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu möguleika á að kaupa land Dynjanda af RARIK.

Undirbúningur að endurnýjaðri auglýsingu fyrir náttúruvættið Dynjanda er langt kominn, en niðurstaða um stækkun hins friðlýsta svæðis, til að tryggja verndun alls vatnasviðs fossins Dynjanda, liggur ekki fyrir.

## 7. Stjórnunar- og verndaráætlanir

Friðlýst svæði eru mörg hver undir miklu álagi, meðal annars vegna fjölda ferðamanna sem heimsækir Ísland. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu álagi með frekari uppbyggingu og stjórnun á friðlýstum svæðum. Umhverfisstofnun hefur umsjón með ríflega 100 friðlýstum svæðum á Íslandi og hefur meðal annars það hlutverk samkvæmt 13. gr. laga nr. 60/2013 að annast gerð stjórnunar- og verndaráætlauna fyrir friðlýst svæði. Samkvæmt bráðabirgða-ákvæði í lögnum skal gerð þessara áætlana fyrir öll friðlýst svæði vera lokið eigi síðar en tíu árum eftir að lögin ganga í gildi (2025).

Í stjórnunar- og verndaráætlunum er mótuð stefna í stjórnun og uppbyggingu á friðlýstum svæðum og aðgerðir skipulagaðar og þeim forgangsraðað í aðgerðaáætlun. Umhverfisstofnun hefur undanfarin tvö ár lagt mikla áherslu á gerð stjórnunar- og verndaráætlauna fyrir þau svæði sem eru í umsjón stofnunarinnar. Á árinu 2016 var lokið við gerð tveggja áætlana, en fjölmargar aðrar eru í vinnslu eða langt komnar. Gera má ráð fyrir að fjöldi áætlana verði gefinn út á fyrstu mánuðum ársins 2017. Við vinnslu áætlana er lögð afar mikil áhersla á samráð og samvinnu og því fjölmargir þættir sem geta haft áhrif á vinnsluhraða áætlana.

### 7.1. Stjórnunar- og verndaráætlanir sem er lokið

Árið 2016 var lokið við gerð tveggja stjórnunar- og verndaráætlauna, annars vegar fyrir friðlandið við Gullfoss og hins vegar náttúruvættið Steðja.

#### 7.1.1. Gullfoss

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Gullfoss hófst á haustmánuðum 2015, en samstarfshópur hafði verið skipaður fyrir á árinu. Í samstarfshópnum áttu sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Bláskógabyggðar og landeigenda í Brattholti. Auk þess var haft samráð við Ríkiseignir sem eru réttihafi lands.

Gullfoss og næsta nágrenni var friðlýst sem friðland árið 1979. Verndargildi svæðisins er margþætt og felst í ásýnd fossins, vatnasviði hans, gróðurfari og jarðmyndunum. Auk þess hefur svæðið menningarsögulegt gildi en segja má að barátta fyrir verndun Gullfoss gegn virkjanahugmyndum sé mikilvægur þáttur í sögu náttúruverndar á Íslandi.

Gullfoss er einn fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi og er markmið stjórnunar- og verndaráætlunarinnar að viðhalda verndargildi svæðisins með sjálfbærni í huga. Þá er hugað að innviðaupbyggingu innan svæðisins þar sem áherslan er á betri stýringu ferðamanna.

Stjórnunar- og verndaráætlunin var auglýst í opnu kynningarferli þann 18. júlí 2016. Frestur til að gera athugasemdir og ábendingar var sex vikur. Alls bárust athugasemdir eða ábendingar frá sex aðilum. Ein athugasemdin varðaði flugumferð yfir friðlandinu og var ákveðið við úrvinnslu athugasemda að eiga víðtækara samráð við notendur loftrýmis, en þá bárust átta athugasemdir frá níu aðilum.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Gullfoss var afgreidd til útgáfu að hálfu Umhverfisstofnunar þann 9. nóvember 2016.

### 7.1.2. Steðji

Vinna vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Steðja í Hvalfirði hófst í maí 2016. Fyrsti fundur samstarfshóps var haldinn um miðjan júní sama ár. Í hópnum áttu sæti fulltrúar landeiganda og Kjósarhrepps auk Umhverfisstofnunar. Tillaga að stjórnunar- og verndaráætluninni var lögð fram til kynningar 1. nóvember 2016 og lauk kynningarferlinu í lok þess mánaðar. Engar athugasemdir bárust á þeim tíma. Áætlunin var afgreidd til útgáfu að hálfu Umhverfisstofnunar þann 8. desember 2016.

Steðji var friðlýstur árið 1974 að frumkvæði heimamanna. Steðji hefur jarðfræðilegt og menningarlegt verndargildi. Myndunarsaga svæðisins er merkileg og hefur jarðfræðilegt fræðslugildi. Menningarlegt gildi Steðja felst annars vegar í þeirri sögn að í honum eigi einbúi sér bústað og hins vegar tengist Steði ferðum fólks um Hvalfjörð, sem var í alfaraleið áður en Hvalfjarðargöngin voru opnuð en steinninn var þá vinsæll áningarstaður.

Markmiðið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið er að leggja fram stefnu um verndun Steðja og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins þannig að sem mest sátt ríki um. Með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

## 7.2. Verndar- og stjórnunaráætlanir í vinnslu

Árið 2016 var unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir tólf svæði til viðbótar þeim áætlunum sem lokið var við á árinu.

### 7.2.1. Andakíll

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir verndarsvæðið í Andakíll hófst í október 2016. Fyrsti fundur samstarfshóps var haldinn 4. nóvember og annar fundur þann 22. nóvember. Boðað var til opins íbúafundar 30. nóvember og sátu tólf manns fundinn. Tilgangur fundarins var að upplýsa íbúa og landeigendur um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Andakíll og kalla eftir skoðunum heimamanna um þau málefni sem fjallað er um í áætluninni. Verndarsvæðið hefur mikla sérstöðu hér á landi þar sem byggðakjarni er innan þess, búskapur og ýmis starfsemi. Því var talið að þörf væri á slíkum kynningarfundum og tókst fundurinn mjög vel.

Verndarsvæðið í Andakíll var friðlýst sem búsvæði árið 2002 en var stækkað árið 2011. Svæðið er einn af mikilvægustu áningarstöðum grænlenka blesgæsastofnsins á Íslandi. Árið 2013 var svæðið skráð á lista Ramsar yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Megin markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Andakíll er að draga fram sérstöðu svæðisins og leggja fram stefnu um hvernig viðhalda megi verndargildi þess í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Sérstaða búsvæðisins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Stefnt er að því að ljúka gerð áætlunarinnar á fyrri hluta árs 2017.

### 7.2.2. Búðahraun

Búðahraun var friðlýst sem friðland árið 1977. Vinna vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið hófst í júlí 2016 og var fyrsti fundur samstarfshóps haldinn um miðjan þann



mánuð. Í samstarfshópnum eiga sæti fulltrúar Snæfellsbæjar, landeigenda og Búðasóknar auk Umhverfisstofnunar. Í upphafi vinnuferilsins kom í ljós að fara þarf vandlega yfir eignarhald á landi og mörk landareigna innan friðlandsins. Vinna við stjórnunar- og verndaráætlunina hefur tafist vegna þeirrar vinnu en hefst á ný í byrjun árs 2017.

### 7.2.3. Flatey

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey hófst í lok ágúst 2015. Áætlunin er unnin af samstarfshóp sem í eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Reykhólahrepps, Framfarafélags Flateyjar og ábúendur í Flatey. Samhliða gerð stjórnunar- og verndaráætlunar er unnið að endurskoðun friðlýsingarskilmála fyrir friðlandið (kafla 5.1.).

Markmið stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Flatey er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildinu í sátt við ábúendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Stefnit skal að því að afnot gesta, ábúenda og ferðaþjónustuaðila af svæðinu skulu vera sjálfbær.

Samstarfshópurinn hefur skilað af sér drögum að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið og er áætlað að hún verði auglýst samhliða drögum að endurnýjaðri auglýsingu fyrir friðlandið í byrjun árs 2017.

### 7.2.4. Friðland Svarfdæla

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland Svarfdæla hófst á vormánuðum árið 2015. Efnt var til kynningarfundar á Húsabakka í Svarfaðardal þar sem áform um gerð áætlunarinnar voru kynnt fyrir landeigendum. Á sama tíma var skipaður samstarfshópur sem í eiga sæti fulltrúar í ráðgjafanefnd friðlandsins auk fulltrúa landeigenda.

Friðland Svarfdæla var friðlýst árið 1972 að frumkvæði landeigenda. Ekki er skýrt kveðið á um tilgang friðunar svæðisins í auglýsingu, en með hliðsjón af áherslu á verndun fuglalífs og lífríkis svæðisins í umgengnisreglum um friðlandið er litið svo á að megin verndargildi Friðlands Svarfdæla sé fuglalíf svæðisins. Það endurspeglast einnig í því að svæðið er jafnan í daglegu tali kallað fuglafriðland. Mikið fuglalíf er innan svæðisins en um eða yfir 30 tegundir fugla verpa þar að staðaldri. Verndunin er þó ekki einungis fólgin í verndun fuglalífs, heldur einnig þeim hefðbundnu nytjum sem eru og hafa verið á svæðinu frá stofnun friðlandsins og löngu fyrir þann tíma.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland Svarfdæla er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda eigi verndargildi þess í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila.

Áætlunin var auglýst í almennu kynningarferli þann 18. nóvember 2016 og var frestur til að senda inn ábendingar og athugasemdir til 15. desember 2016. Alls bárust þrjár athugasemdir sem samstarfshópur mun vinna úr og svara.

Að loknum kynningartíma tóku Umhverfisstofnun og Dalvíkurbyggð ákvörðun um að endurskoða umsjónarsamning um friðlandið og var útgáfu stjórnunar- og verndaráætlunarinnar frestað þar til samningurinn liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að ljúka við gerð áætlunarinnar á fyrri hluta árs 2017.

### 7.2.5. Glerárdalur

Hluti Glerárdals var friðlýstur sem fólkvangur þann 6. júní 2016 (sjá kafla 2.1.). Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 skal tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar.

Markmið friðlýsingar hluta Glerárdals er að vernda dalinn og aðliggjandi fjalllendi til útivistar fyrir almenning, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari, og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana.

Í júlí 2016 var óskað eftir tilnefningu fulltrúa Akureyrarkaupstaðar í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið. Tilnefning barst í upphafi árs 2017.

Markmiðið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins þannig að sem mest sátt ríki um. Með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

### 7.2.6. Helgustaðanáma

Í júní 2016 var skipaður samstarfshópur vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Helgustaðanámu. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá Umhverfisstofnun og Fjarðabyggðar en samráð var haft við Ríkiseignir sem er réttthafi lands. Í ágúst sama ár hófst vinna við gerð áætlunarinnar.

Helgustaðanáma var friðlýst árið 1975 sem náttúruvætti. Meginmarkmið með friðlýsingunni er að vernda jarðminjar svæðisins og þá sérstaklega silfurberg sem bannað er að nema burt úr námunni. Svæðið er á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu.

Markmið stjórnunar- og verndaráætlunar svæðisins er að stuðla að verndun silfurbergs í Helgustaðanámu, ásamt annarra jarðminja, með stýringu ferðamanna og stefnu um aukna landvörslu, upplýsingagjöf og fræðslu.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun Helgustaðanámu verða auglýst í opnu kynningarferli í byrjun árs 2017.

### 7.2.7. Hornstrandir

Í desember 2016 óskaði Umhverfisstofnun eftir tilnefningum frá Ísafjarðarbæ og landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurepps um fulltrúa í samstarfshóp vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið á Hornströndum. Tilnefningarnar bárust í lok árs 2016.

Hornstrandir voru friðlýstar sem friðland árið 1975, en auglýsingin endurskoðuð í tvígang árið 1985. Markmið friðlýsingarinnar er meðal annars að varðveita fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, giljum, ám, fossum, óshólum, fjölskrúðugum gróðri og dýralífi, auk minja um forna búskaparhætti og atvinnusögu innan svæðisins.

Unnið verður að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Hornstrandir árið 2017 en gert er ráð fyrir að áætlunin verði tilbúin fyrir lok árs 2017.

### 7.2.8. Hólmanes

Samstarfshópur vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Hólmanes var skipaður í júní 2016. Í honum eiga sæti fulltrúar frá Umhverfisstofnun og Fjarðabyggð. Í ágúst sama ár hófst vinna við gerð áætlunarinnar.

Hólmanes var friðlýst árið 1973, hluti svæðisins sem friðland og hinn hlutinn sem fólkvangur. Svæðið er heimkynni fjölskrúðugs fuglalífs, fjölbreytts gróðurfars og einkennist af grónu flatlendi þar sem brattir hólmar tróna upp úr á stöku stað. Hólmanes er vinsælt útivistarsvæði.

Stjórnunar- og verndaráætlun Hólmaness tekur til bæði fólkvangsins og friðlandsins. Með áætluninni er leitast við að viðhalda og varðveita lífríki og jarðminjar í Hólmanesi og á sama tíma að styrkja svæðið sem útivistarsvæði og efla fræðslugildi þess.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hólmanes voru kynnt í nóvember 2016 og lauk kynningartíma í lok desember 2016. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði gefin út í byrjun árs 2017.

### 7.2.9. Kringilsárrani

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Kringilsárrana hófst árið 2014. Áætlunin er unnin af fulltrúum sveitarfélagsins Fljótshéraðs, Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs með aðkomu Landgræðslu ríkisins og hagsmunaaðila.

Kringilsárrani var friðlýstur sem friðland árið 1975 en friðlýsingunni var breytt árið 2003. Kringilsárrani er sérstæð og gróin landspilda sem er mörkuð af hopi Brúarjökuls. Jökulminjar eru greinilegar á svæðinu og liggja svokallaðir hraukar yfir ranann þverann. Segja má að friðlandið skiptist í þrjú svæði, Kringilsárrana sjálfan, Hreinatungur og Maríutungur. Nágrenni friðlandsins breyttist töluvert með tilkomu Háslóns.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Kringilsárrana er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess til framtíðar og draga úr áhrifum framkvæmda á svæðinu, þá sérstaklega áhrifum landbrots og áfoks vegna tilkomu Háslóns við jaðar friðlandsins.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Kringilsárrana hófst að nýju eftir hlé árið 2016. Fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjóðgarði og Fljótshéraði fóru ásamt starfsfólki Landgræðslunnar og Landsvirkjunar í eftirlitsferð í Kringilsárrana í júlí 2016. Í september 2016 funduðu fulltrúar frá ofangreindum stofnunum og sveitarfélagi og fóru yfir rannsóknarniðurstöður síðustu ára og lögðu fram tillögu að stefnu fyrir svæðið.

Gert er ráð fyrir að áætlunin verði kynnt í almennu kynningarferli í upphafi ársins 2017.

### 7.2.10. Surtarbrandsgil

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Surtarbrandsgil hófst í september 2016. Áætlunin er unnin af fulltrúum Umhverfisstofnunar, Vesturbyggðar og

ábuenda á Brjánslæk, auk þess sem samráð hefur verið haft við Ríkiseignir þar sem jörðin er í eigu ríkisins.

Surtarbrandsgil var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda steingerðar leifar gróðurs sem er að finna í millilögum, ásamt surtarbrandslögum. Um er að ræða leifar gróðurs sem klæddu landið á Neógen tímabilinu fyrir um 12 milljónum ára. Surtarbrandsgil er í landi Brjánslækjar á Barðaströnd.

Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda eigi verndargildi þess þannig að sem mest sátt ríki um. Í því skyni verða skilgreindar aðgerðir sem verður forgangsraðað í aðgerðaáætlun sem verður meðfylgjandi stjórnunar- og verndaráætlun.

Samstarfsnefnd hefur samþykkt drög að stjórnunar- og verndaráætlun Surtarbrandsgils og stefnt er á að auglýsa drögin í opnu kynningarferli í byrjun árs 2017.

### 7.2.11. Teigarhorn

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Teigarhorn og náttúruvættið geislasteina í landi Teigarhorns hófst fyrri hluta árs 2014. Áætlunin er unnin af fulltrúum Umhverfisstofnunar og stjórn fólkvangsins. Þar sem svæðin tvö eru að hluta til á sama svæði var ákveðið að gerð skyldi sameiginleg áætlun fyrir þau bæði.

Hluti jarðarinnar Teigarhorns var fyrst friðlýstur sem náttúruvætti árið 1975. Friðlýsingin var síðan endurskoðuð árið 2013 með auglýsingu um friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns. Árið 2013 var einnig undirrituð friðlýsing fólkvangsins Teigarhorns. Markmiðið með friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins, einkum með tilliti til þeirra jarðlaga sem eru rík af geislasteinum, en svæðið er sérstaklega auðugt af geislasteinum og fjölbreytni þeirra mikil. Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum á jarðmyndunum svæðisins en svæðið er einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heiminum. Markmiðið með friðlýsingu fólkvangsins er að tryggja útivistarsvæði í fögru umhverfi þar sem gestum gefst tækifæri til að kynnast sérstakri náttúru svæðisins og sögu jarðarinnar Teigarhorns.

Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðin tvö er að leggja fram stefnu um verndun þeirra og hvernig viðhalda eigi verndargildi þeirra þannig að sem mest sátt ríki um.

Vegna endurnýjunar umsjónarsamnings fyrir svæðið tafðist útgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar, en gert er ráð fyrir að þegar að nýr umsjónarsamningur liggur fyrir verði áætlunin uppfærð til samræmis við samninginn og gefin út.

## 7.3. Endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlana

Allar stjórnunar- og verndaráætlanir sem gefnar eru út fyrir friðlýst svæði hafa gildistíma. Að gildistíma loknum skulu áætlanirnar endurskoðaðar. Almenn er gildistími áætlana 10 ár en aðgerðaáætlanir skulu endurskoðast þegar 5 ár eru liðin frá útgáfu. Í einstaka tilvikum er gildistíminn annar, en um slíkt er þá kveðið í sér lögum eða auglýsingu um friðlýsingu svæðanna.



### 7.3.1. Mývatn og Laxá

Verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá kom fyrst út árið 2011. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjasýslu skal endurskoða hana á fimm ára fresti. Vinna við endurskoðun áætlunarinnar hófst seinni hluta árs 2016.

Mývatn og Laxá eru upphaflega friðlýst með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu árið 1974. Árið 2004 var verndunin endurskoðuð og er svæðið nú verndað með sérlögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Lögin eiga að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni á víðáttumiklu vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags.

Endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunarinnar verður gerð með tilliti til framvindu svæðisins síðustu ár en einnig með tilliti til breyttra áherslna hjá Umhverfisstofnun við gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Nú er aukin áhersla lögð á að áætlanirnar séu stefnu- og aðgerðamiðaðar í samræmi við markmið viðkomandi friðlýsingar.

Árið 2016 var unnið að því að setja saman samstarfshóp sem í eiga sæti stjórnvöld, rannsóknarstofnanir og landeigendur á svæðinu. Í lok ársins 2016 höfðu ekki allar tilnefningar í samstarfshópinn borist, en gert er ráð fyrir að vinna við undirbúning stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár hefjist formlega og að fullum krafti í upphafi árs 2017.

## 8. Lokaorð

Þegar svæði er friðlýst er tekið fyrsta skrefið í því langtímaverkefni sem verndun svæða er. Fjölmargar ástæður geta legið til grundvallar því að verndargildi svæða er metið þannig að ástæða sé til friðlýsingar, en við undirbúning friðlýsingar er gerð ítarleg greining á verndargildi svæða. Verndunin felur þó ekki aðeins í sér viðhald á verndargildi, heldur einnig að lögð sé áhersla á að styrkleikar svæðanna fái að njóta sín, t.d. með uppbyggingu á innviðum og aukinni fræðslu um megineinkenni svæðanna. Því er mikilvægt að gert sé ráð fyrir uppbyggingar- og rekstrarfjármagni samhliða nýjum friðlýsingum. Slík uppbygging er ekki síst mikilvæg vegna aukinnar ferðaþjónustu, en rannsóknir hafa sýnt að náttúra landsins er það aðdráttarafli sem dregur flesta ferðamenn til landsins og vaxandi ferðamannastraumur hefur í för með sér gríðarlegt álag á margar náttúruperlur landsins. Slíkt álag getur dregið úr verndargildi friðlýstra svæða sé ekki brugðist við því með fyrirbyggjandi hætti.

Friðlýsing er í eðli sínu langtímaverkefni og mikilvægt er að þegar svæði er friðlýst sé mótuð stefna og sett markmið um verndun, uppbyggingu og aðra þætti er varða verndun og rekstur svæðisins til framtíðar. Umhverfisstofnun hefur það hlutverk samkvæmt náttúruverndarlögum að gera stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir friðlýst svæði. Með stjórnunar- og verndaráætlunum er lögð fram stefna um verndun svæða og hvernig viðhalda skuli verndargildi þeirra í sátt við hagsmunaaðila. Þá er áætlunum einnig ætlað að standa vörð um og draga fram sérstöðu svæðanna.

Með tilkomu nýrra laga um náttúruvernd árið 2015 voru lagðar fram breytingar á aðferðafræði við áætlanagerð um friðlýsingar. Ekki hefur enn reynt á þessar breytingar en Umhverfisstofnun bindur vonir við að þær muni skila meiri samhæfingu skipulagsyfirvalda og stjórnvalda í náttúruvernd. Telur Umhverfisstofnun að þá samhæfingu hafi vantað fram að þessu. Einnig er mun seinlegra að ná niðurstöðu um friðlýsingu ef eignarhald lands er dreift. Almennt gengur hins vegar vel að ná ná niðurstöðu um friðlýsingu lands í opinberri eigu. Líkt og oft hefur verið nefnt sýnir reynslan að grunnforsenda þess að friðlýsingarferli gangi vel er að helstu hagsmunaaðilar, einkum sveitarfélög og landeigendur, séu áhugasamir um verkefnið. Umhverfisstofnun hefur bent á að auka þurfi samstarf og samráð við þessa aðila á frumstigi málsins. Með aðkomu sveitarfélaga, landeiganda og annarra hagsmunaaðila að gerð B-hluta náttúruminjaskrár er friðlýsingarferlið vænlegra til árangurs að mati Umhverfisstofnunar.

Í undirbúningi að friðlýsingu Kerlingarfjalla árið 2016 kom glögglega í ljós að verkefni sem unnin eru að frumkvæði sveitarfélaga hafa alla burði til að ganga mjög vel en undirbúningur að því verkefni hófst að nýju, eftir að undirbúningsvinna hafi verið unnin árið 2013, í byrjun ársins 2016 að frumkvæði Hrunamannahrepps. Samstarf í því friðlýsingarverkefni, eins og reyndar flestum þeim verkefnum sem unnið hefur verið að á undanförunum árum, gekk afar vel. Undirbúningur að friðlýsingu svæðis í Kerlingarfjöllum var um margt nokkuð merkilegur, enda um að ræða fyrsta svæðið sem hefur að geyma virkjunarkosti í verndarflokki rammaáætlunar sem langt er komið í undirbúning að friðlýsingu. Ekki tókst að ljúka undirbúningi friðlýsingarinnar á árinu en gert er ráð fyrir að þessi merki áfangi náist í byrjun árs 2017. Þetta er þó bara fyrsta skrefið í langri vegferð, enda fjölmargir virkjunarkostir í verndarflokki rammaáætlunar sem bíða friðlýsingar.

Það er afar mikilvægt að ekki sé slegið slöku við þegar kemur að friðlýsingum, hvort sem er svæði á tilvonandi náttúruminjaskrá, svæði sem ná yfir virkjunarkosti í verndarflokki





rammaáætlunar eða önnur svæði sem ákveðið kann að vera að friðlýsa. Til að unnt sé að sinna þessum verkefnum með sóma er nauðsynlegt að fjármagni verði veitt til málaflöksins.

Afar mikilvægt er að standa vörð um þær náttúruperlur sem Íslendingar hafa yfir að ráða og koma í veg fyrir hnignun þeirra. Okkur er falið mikilvægt verkefni að standa vörð um þær þannig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra um ókomin ár á sama hátt og við höfum fengið tækifæri til. Svæði verða áfram aðdráttarafli fyrir ferðamenn, en fyrst og fremst er nauðsynlegt að vernda svæðin vegna þeirra sjálfra; sjónrænnar fegurðar, fjölbreytni og mikilvægis fyrir lífríki, jarðminjar og vistkerfi.